



ORKUSTOFNUN
Raforkudeild

LANGÖLDUVEITA

**RANNSÓKN Á TILRAUNALÓNI
VIÐ TUNGNAÁ**

**Haukur Tómasson
Helgi Gunnarsson
Páll Ingólfsson**

LANGÖLDUVEITA

**RANNSÓKN Á TILRAUNALÓNI
VIÐ TUNGNAÁ**

**Haukur Tómasson
Helgi Gunnarsson
Páll Ingólfsson**

E F N I S Y F I R L I T

	Efnisyfirlit	i
	Töflulisti	ii
	Myndalisti	ii
	Formáli	iii
0	ÁGRIP AF NIÐURSTÖÐUM	1
1	INNGANGUR	4
2	MANNVIRKI OG REKSTUR VEITUNNAR	6
	2.1 Fyrsta gerð	6
	2.2 Aðalstíflan-Langavatn	7
	2.3 Rekstur og viðhald veitunnar	8
	2.4 Rekstur veitunnar að vetri til	11
3	INNRENNSLI	12
4	AURBURÐUR	16
	4.1 Aurburður í innrennslisvatni	16
	4.2 Set á lónbotni	16
	4.3 Dreifing aurburðar á lónbotn eftir kornastærð	17
5	LEKI OG ÞÉTTING	19
	5.1 Setþétting	19
	5.2 Þétting á sprungum og svelgjum	20
6	SPRUNGUHREYFINGAR	22
	6.1 Fyrsta sprungumyndun á lónbotni	22
	6.2 Síðari sprungur í lónbotni	24
	6.3 Mælingar á sprunguhreyfingum	25
	6.4 Niðurstöður sprungurannsókna	26
7	JARÐVATNSATHUGANIR, HITAMÆLINGAR OG LINDAATHUGANIR	27
8	STRAUMMÆLINGAR	29

TÖFLUR :

1. Innrennsli í veituna o.fl. (bl. 1-8)
2. Yfirlit yfir aurburðarsýnishorn
3. Samanburður milli ára á innrennsli, stærð, leka og aurburði
4. Lektarprófanir á setsýnum

MYNDIR :

- 1 Afstöðumynd
- 2 Jarðfræðikort
- 3 Yfirlitskort
- 4 Samband flatarmáls og vatnshæðar Langavatns
- 5 Mælingar á jarðvatnsstöðu í aðalstíflu
- 6 Setþykktarkort
- 7 Dreifing aurburðar á botni Langavatns
- 8 Kornadreifing í seti í tengslum við dýpi í Langavatni
- 9 Kornadreifing í seti í tengslum við dýpi í Langavatni
- 10 Hjulströmsdiagram. Setdreifing og rof eftir straumhraða
- 11 Samanburður á leka og vatnshæð Langavatns
- 12 Leki úr Langavatni
- 13 Fyrsta sprungumyndun í lónbotni
- 14 Yfirlitsmynd af sprungum í lónbotni
- 15 Mælistaðir fyrir sprunguhreyfingar
- 16 Mælingar á sprunguhreyfingum
- 17 Afstaða Langölduveitu til gosbeltisins
- 18 Jarðvatnskort
- 19 Jarðvatnsmælingar í borholum
- 20 Samband rennslis í Lindalæk og jarðvatnshæðar í HR-2
- 21 Samband milli jarðvatnsstöðu í HR-2 og leka úr Langavatni
- 22 Hitamælingar í borholum
- 23 Straummælingar í Langavatni

FORMÁLI

Það er löngu þekkt staðreynd að hrauna- og móbergssvæðin eru mjög lek. Yfirborðsrennsli er víðast ekkert, nema þar sem mjög stórar ár, venjulega jökulár, renna um þessi svæði. Einnig koma undan þessum jarðmyndunum mjög stórar og stöðugar lindir, sem benda eindregið til mikils jarðvatnsgeymis í hraunum og móberginu. En einmitt þar bíður landslag upp á marga mjög álitlega virkjunarstaði.

Það er því mikilvægt frá almennu rannsóknarsjónarmiði að rannsaka hvernig þessar hrauna- og móbergsmýndanir þéttast með tímanum og hversu lekar þær eru í upphafi. Til þess að svara þessum spurningum hefur tilraunastarfsemin við Langöldu verið rekin og má segja að hún sé nú, á síðara stigi, tilraun í fullum mælikvarða, nokkuð sem ekki er algengt að gert sé í þessu sambandi.

En tilraunin hefur ekki einungis svarað spurningum. Hún hefur einnig vakið nýjar, sérstaklega varðandi hegðun sprungna í uppistöðulónum. Við spurningunni, hvenær, hvernig og hvers vegna sprungur opnast í uppistöðulónum gefur tilraunin einnig nokkur svör.

Óneitanlega væri óvissan um öryggi uppistöðulóna og eðli þeirra aðgerða, sem þörf er á til að tryggja rekstur þeirra, meiri, ef ekki hefði verið ráðist í þessa tilraun. Frekari reynslu verður þó að afla frá öðrum uppistöðulónum.

Þeir aðiljar, sem unnið hafa við framkvæmdir eða hönnun á virkjunarstöðum, sambærilegum við Langölduna hvað jarðfræði áhrærir, hafa alla tíð haft möguleika á að fylgjast með þessari tilraun og nýta sér niðurstöður hennar jafnóðum. Það hafa þeir einnig gert, og hefur hún nú þegar haft áhrif á hönnun virkjana.

Tilrauninni er raunar ekki enn lokið, þar eð enn á eftir að gera vissar athuganir á þéttingu svelgja, sem flestir eru nú orðið á virkum sprung-

um. Þegar hafa verið gerðar töluverðar tilraunir á þessu sviði og náðst nokkur árangur, en grunur okkar er sá, að bestur árangur náist með því að gera við svelgi við fullt lón. Álíta verður að það sé bæði tæknilega framkvæmanlegt að finna svelgi við þær aðstæður og einnig að hægt sé að gera við þá svo dugi. En tilraun með þetta verður að bíða næsta árs.

Reykjavík, 76-09-28

Haukur Tómasson

Haukur Tómasson

0 ÁGRIP AF NIÐURSTÖÐUM

Skýrsla þessi greinir frá rannsóknum á svokallaðri Langölduveitu. Tilgangur hennar var upphaflega að kanna hvernig set úr jökulvatni þétti botn uppistöðulóna á hrauni frá nútíma. Staðurinn var valinn með tilliti til þess að aðstæður eru þar mjög sambærilegar við ýmsa álitlega virkjunarstaði. Þegar á leið var farið að kanna ýmsa aðra þætti, sem þýðingu geta haft fyrir virkjanir við svipaðar aðstæður, svo sem hegðun jarðvatns, jarðskjálftavirkni og jarðskorpuhreyfingar.

Bygging og rekstur veitunnar hófst haustið 1966. Kvísl úr Tungnaá var veitt með gördum og smástíflum yfir hraunið og niður með Langöldu sunnanverðri. Þannig mynduðust smávötn og var lekinn um botn þeirra mældur. Flatarmál smávatnanna var um $0,17 \text{ km}^2$ og dýpi þeirra 1-2 m. Innrennslið var um $1-2 \text{ m}^3/\text{sek}$. Botn vatnanna þéttist tiltölulega fljótt og minnkaði lekinn úr $30-40 \text{ m}^3/\text{sek}/\text{km}^2$ niður í $10 \text{ m}^3/\text{sek}/\text{km}^2$ á fáum mánuðum.

Fram til 1970 var umfang veitunnar tiltölulega lítið en þá var byggð um 10 m há stífla í farvegi Helliskvíslar sunnan Langöldu og myndaðist við það uppistöðulón, sem nefnt hefur verið Langavatn (sjá mynd 3). Mesta dýpi þess er um 8 m og mesta flatarmál um $1,5 \text{ km}^2$. Samtímis var innrennslið aukið og hefur það síðan verið á bilinu $8-12 \text{ m}^3/\text{sek}$ á þeim tíma sem veitan hefur verið opin, þ.e. 4-5 mánuði á ári. Allt það vatn, sem inn í lónið hefur runnið, hefur farið niður um botn þess. Vatnsborðið hefur aldrei náð fullri hæð, þ.e. yfirfallshæð 391,2 m y. s. Leki úr Langavatni hefur smáminnkað og er nú um $7 \text{ m}^3/\text{sek}/\text{km}^2$ eða um 1/10 af upphaflegum leka þrátt fyrir svelgja- og sprungumyndanir á lónbotninum. Mynd 12 sýnir hvernig lekinn hefur breyst frá ári til árs.

Þétting lónbotnsins á sér stað við það að aurburður úr jökulvatninu leggst á hann og myndar setlag. Þrátt fyrir töluvert aurburðarmagn í innrennslisvatninu hefur þétting lónbotnsins ekki orðið eins mikil og ætla hefði mátt vegna þess hversu mikið af aurnum hefur farið niður

um botn þess, um svelgi og sprungur, og hversu ójafnt setið dreifist um lónbotninn. Við mælingar á seti kom í ljós að u. þ. b. fjórði hlutinn náði að setjast á lónbotninn en af því höfðu um 80% dreifst á aðeins 15-20% af flatarmáli lónsins. Að vísu dreifast finni korna-stærðirnar, sem hafa meiri þéttingareiginleika, mun betur um lónbotninn en grófari hluti setsins.

Vitað var um brotalínur á Langöldusvæðinu, þegar tilraunin hófst, en ekki var gert ráð fyrir þeim sérstaklega sem lekaleiðum. Raunin varð hins vegar sú, að eftir u. þ. b. ár frá því að vatni var hleypt á lónið kom í ljós sprungukerfi í berggrunninum í lónbotni og náði það undir aðalstíflu veitunnar. Síðar hafa komið í ljós nokkrar aðrar sprungur bæði í móbergi og hrauni og ná sumar þeirra upp á þurrt land.

Í ágústmánuði 1975 opnaðist stór svelgur í austurenda Langavatns, og runnu ofan í hann a. m. k. $5 \text{ m}^3/\text{sek}$ af vatni. Athugun leiddi í ljós, að hann, ásamt nokkrum öðrum allstórum svelgjum, voru í nokkurn veginn beinni línu. Við gröft með vélgröfu og jarðýtu í móbergsmel í framhaldi svelgjálínunnar til suðvesturs, þar sem þó engin ummerki um sprungu sáust á yfirborði, kom í ljós opin sprunga á um 1,5-2,0 m dýpi. Hún var 20-110 cm breið og manngeng niður á 15 m dýpi á um 40 m löngum kafla, en þar lokaðist hún af hruni. Hún er augljóslega hluti af löngu sprungukerfi. Loftmyndir sýndu, að líkur væru á sprungu í móberginu í framhaldi áður nefndra svelgja.

Mælingar á sprungunum með síritum og öðrum sprungumælum hafa sýnt að stöðugar hreyfingar, af stærðargráðunni 0,5-4,0 mm, eiga sér stað.

Árið 1973 var sett upp varanleg smáskjálftastöð á Langölduhryggnum, og hefur þannig stöðugt verið fylgst með jarðskjálftum á svæðinu undanfarin ár.

Mælingar á jarðvatni í borholum hafa sýnt, að mikil hækkun verður á jarðvatnsstöðu í nágrenni veitunnar vegna lekavatnsins. Í TH-9, sem er um 1 km sunnan Langavatns, gætir jarðvatnssveiflu eftir u. þ. b. 1 sólarhring. Norðan Langöldunnar er landið um 50 m lægra en sunn-

an hennar. Þar komu fram lindir neðanvert í öldunni við tilkomu veitunnar. Rennslið úr þeim myndar Lindalæk.

Enn hefur ekki fengist úr því skorið, hvort um samverkandi áhrif er að ræða milli jarðskorpuhreyfinga, jarðvatnsstöðu og þeirra smá jarðskjálfta, sem mælst hafa, en ástæða er til að ætla að svo sé.

1 INNGANGUR

Með tilliti til þess, að möguleg uppistöðulón á ýmsum hagkvæmum virkjunarstöðum, ekki síst á Tungnaárvæði, eru á hraunum frá eftirjökultíma, sem yfirleitt eru hriplek, tóku menn að hugleiða hverjir þéttingareiginleikar aurburðar í jökulám væru er hann settist til á lónbotni. Vitað var að á þessum svæðum renna ár víða á þéttum árbotni langt fyrir ofan jarðvatnsborð.

Fyrsta athugun í þessa átt var gerð við Búrfell haustið 1965, er virkjanarannsóknir fóru þar fram, og byggðist hún á því að dælt var aurtettuðu vatni niður í borholu og síðan mælt hversu lekinn minnkaði með tímanum (Þéttiprófun á borholu við Búrfell 1963, Haukur Tómasson). Í ljós kom að um greinilega þéttingu var að ræða.

Næsti áfangi var síðan bygging fyrsta hluta Langölduveitu, þ.e. veitu kvíslar úr Tungnaá á Hrauneyjum yfir hraunið niður með Langöldu sunnanverðri. Síðari áfanginn, sem var bygging stíflu í Helliskvíslarfarveginum neðar við Langöldu, var unninn haustið 1969 en við það myndaðist uppistöðulón á hrauninu sunnan Langöldu, svokallað Langa-vatn. Mynd 1 er afstöðumynd af Langölduveitu, en mynd 3 er yfirlitskort af veitusvæðinu.

Langaldan, sem veitan er kennd við, er um 7-8 km langur bólstra-bergshryggur, sem liggur í stefnu VSV-ANA og er myndaður í sprungugosi undir jökli. Langaldan er algerlega umlukin Tungnaárhraunum og víða klædd mórenukápu. Hraunin hafa verið vel kortlögð meðal annars með kjarnaborunum, sbr. Jarðfræðikort, mynd 2. Nánari upplýsingar um jarðfræði svæðisins er m.a. að finna í skýrslunni "Langalda-Hald, Jarðfræðiskýrsla" eftir Bessa Aðalsteinsson, dags. október 1971.

Skýrsla þessi er ætluð sem yfirlitsgreinargerð um rekstur veitunnar einkum eftir stækkun hennar 1969-70 og þær niðurstöður, sem fengist

hafa með tilrauninni. Hún skiptist í 8 aðalkafla, þar sem gerð er grein fyrir einstökum þáttum sérstaklega enda þótt þeir grípi hver inn í annan að meira eða minna leyti.

Frá 1971 hafa verið gerðar vinnuskýrslur yfir mælingar hvers árs fyrir sig, en þessi skýrsla nær til ársloka 1975.

2 MANNVIRKI OG REKSTUR VEITUNNAR

2.1 Fyrsta gerð

Árið 1966 gerði Haukur Tómasson fyrstu áætlun um byggingu Langölduveitu, "Þéttiprófun á hraunum í stórum stíl" dags. 31.05.66.

Þar er gerð tillaga um ákveðið fyrirkomulag veitu í tveimur áföngum, þ.e. skurð, sem tæki um $2 \text{ m}^3/\text{s}$ rennsli frá Tungnaá eftir hrauninu að norðurenda Langöldu. Í skurðinum skyldi vera mæliyfirfall og lokubúnaður við Tungnaá. Í öðrum áfanga átti síðan að byggja stíflu úr mórenu af Langöldunni í farveginum niður með Langöldu á móts við Bólstragil og mynda þannig uppistöðulón í farveginum. Jafnframt yrði byggt mæliyfirfall fyrir rennsli úr vatninu.

Í ágúst sama ár var síðan fyrsti áfangi veitunnar byggður. Kvísl úr Tungnaá var veitt yfir hraunið í átt að austurenda Langöldu með því að byggja nokkra smágarða og stíflur og sprengja hraunhöft. Þetta haust var veitan opin um eins mánaðar tíma og náði vatn að renna niður í Langölduvatn, við norðurenda Langöldu. Til að fylgjast með innrennsli var byggt steinsteypt mæliyfirfall. Þessi fyrsta gerð veitunnar gat flutt mest um $1,5\text{-}2 \text{ m}^3/\text{s}$. Veitan var síðan rekin í þessu formi fram til 1970 að mestu óbreytt og náði hún stöðugt lengra niður með Langöldunni eftir því sem hún þétti undir sig, sbr. mynd 3, þar sem þessum áfanga veitunnar er skipt niður í svæði og þéttingu hvers þeirra lýst.

Á fyrstu árum veitunnar kom þegar í ljós að hinir veigalitlu garðar og stíflur veitunnar stóðust mjög illa vatnsaga í leysingum að vetrinum og í vorflóðum meðan frost var enn í jörð. Ekki var unnt að hafa fullan hemil á vatnsrennsli inn í veituna og varð á hverju ári að endurbæta garða og stíflur. Garðarnir voru byggðir úr nærtæku efni, þ.e. lausu efni af yfirborði hraunsins. Þar sem mest mæddi á og ítrekaðar skemmdir urðu voru garðar styrktir og hækkaðir.

2.2 Aðalstíflan - Langavatn

Í september 1969 var ákveðið að hefjast handa um byggingu stíflugarðs í farvegi Helliskvíslar á móts við Bólstragil og flóðrennu við enda hennar í Langöldu, sbr. mynd 3. Gerður var uppdráttur af fyrirhuguðum mannvirkjum á Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og var gert ráð fyrir krónuhæð stíflu í 394,2 m hæð, þ.e. u.þ.b. 10 m hárrí stíflu, og fláa 1 : 1,6. Í stíflunni skyldi vera kjarni úr mulinni mórenu úr Langöldu, 6 m breiður neðst og 4 m efst, en þar utan um 3 m sía úr grófara efni og síðan stoðfylling út í fulla breidd. Þar utaná átti að koma 1 m grjótvörn vatnsmegin.

Eins og gert var ráð fyrir var botn farvegsins á stíflustæðinu hreinsaður niður á klöpp í rúmlega botnbreidd kjarna og síðan byrjað á því að ýta upp um 2-3 m háum garði af kjarnaefni, en í kjarnann var notaður efsti hluti mórenunnar á Langöldunni, nálægt stífluendanum. Kjarninn var þjappaður í u.þ.b. 1 m þykkum lögum og síuefni og stoðfyllingu ýtt upp jafnóðum. Í síuefni svo og að nokkru í stoðfyllingu var notaður grófari hluti mórenunnar og laust efni af botni Helliskvíslarfarvegsins en í grjótvörnina var notuð sprengd mórena úr yfirfallsrennunni við norðurenda stíflunnar. Samkvæmt áætlun átti að fara í stífluna eftirfarandi efnismagn :

Stoðfylling	4.050 m ³
Kjarni	2.300 "
Síur	3.400 "
Grjótvörn	750 "
	<hr/>
Alls	10.500 m ³

Eftir að stíflan hafði verið byggð reyndist flái hennar ekki eins mikill og gert var ráð fyrir eða um 1 : 1,3 og endanleg krónuhæð hennar er 393,8 m.

Með tilkomu stíflunnar myndaðist uppistöðulón, svokallað Langavatn, meðfram Langöldunni sunnanverðri og við hækkandi vatnsborð teygir lónið sig út á hraunið. Mesta vatnsdýpi er um 8 m en á hrauninu er vatnsdýpið alls staðar mun minna, eða 1-3 m. Mynd 4 sýnir samband vatnshæðar og flatarmáls Langavatns.

Yfirfall var gert við aðalstífluna Langöldumegin, þ. e. 3 m breið renna í botni, en það var ekki grafið í fulla dýpt fyrr en síðar, heldur var annað byggt í staðinn í hrauninu fyrir austan stífluendann.

Eftir að stíflan hafði verið byggð var efri hluta veituleiðarinnar breytt til að auka innrennsli, sbr. kafla 2.3. hér á eftir, en þar er einnig nánari lýsing á ýmsum mannvirkjum veitunnar og reynslunni af þeim.

2.3 Rekstur og viðhald veitunnar

Með byggingu aðalstíflunnar haustið 1969 urðu þau þáttaskil í rekstri Langölduveitu, að athuganir og mælingar beindust nú fyrst og fremst að innrennsli og vatnshæð í Langavatni, þar eð veituleiðin þar fyrir ofan var orðin nokkurn veginn þétt. Með tilkomu Langavatns var einnig fenginn raunhæfari tilraunavettvangur.

Með hliðsjón af þessu var veitunni ofan Langavatns breytt á þann hátt að í fyrsta lagi var henni veitt framhjá steypu mæliyfirfalli neðan inntaks til að unnt væri að auka innrennslið, byggðir voru garðar út í Tungnaá til að veita meira vatni inn og brú með lokubúnaði upp við Tungnaá var lyft upp og steypar undirstöður undir hana auk þess sem lokubúnaður var endurbættur. Einnig var farvegurinn á nokkrum stöðum rippaður niður með stórum jarðýtum og með því teknar af kröppustu beygjurnar. M. a. var lokað fyrir rennsli inn í Nýjavatn og rippuð höft við Álftavatn og vatninu veitt í farveg meðfram Langöldunni. Jafnframt voru frá og með 1972 settir upp síritar til að mæla innrennsli við brúna efst í veitunni og vatnshæð í Langavatni og einnig rennsli í Lindarlæk eins og fram kemur síðar. Vegna þess hve sumir garðar veitunnar eru efnislitlir hafa þeir frosið í gegn, þegar vatnsrennslið hefur verið stöðvað eða minnkað að haustinu. Þegar vatni hefur verið hleypt í farveginn snemma að vorinu, áður en frost er farið úr jörðu, hefur það runnið undir garðana eða í gegnum þá. Rekstur veitunnar hefur því yfirleitt ekki hafist fyrr en í júní.

Hér á eftir er nánari lýsing á hinum ýmsu mannvirkjum veitunnar og reynslu af þeim.

Grjótgarðar í Tungnaá

Sumarið 1972 voru byggðir grjótgarðar í Tungnaá til að beina meira vatni í þá kvísl (Hrauneyjakvísl), sem veituvatnið er tekið úr. Garðar þessir eru fjórir, samtals um 130 m á lengd, nálega 2 m á hæð og um 5 m breiðir neðst. Þeir eru gerðir úr grjóti sem ýtt hefur verið upp úr árfarveginum. Að vetrinum voru þessir garðar notaðir til að loka fyrir innrennslið, þ.e. a. s. þeim var að haustinu ýtt fyrir inntakskvíslina og hefur það reynst auðveld og örugg lokun.

Grjótgarður í Hrauneyjakvísl

Hrauneyjakvísl er stífluð með grjótgarði og myndast við það inntakslón veitunnar. Garðurinn er um 50 m langur, sléttur að ofan og í flóðum rennur yfir hann og er hann því öryggisyfirfall veitunnar. Eftir að hætt var að láta vatn renna inn í inntakslónið yfir veturinn hafa skemmdir verið litlar á görðum þar.

Stífluloka

Stífluloka er þar sem vatn rennur úr inntakslóninu inn í veituna, og er henni lokað með tréborðum. Stíflan er um 5 m löng og er einnig notuð sem brú fyrir litla bíla. Það sama á við um hana og yfirfallið á inntakslóninu. Eftir að farið var að loka innrennslinu inn í lónið yfir veturinn hefur ís ekki komið eins inn í inntakslónið, en áður braut hann oft lokuborðin. Erfiðlega hefur gengið að opna og loka stíflulokunni vegna þess hve vatnsinnrennslið hefur verið aukið síðustu árin.

Veituleiðin milli inntakslóns og Langavatns

Farvegurinn milli inntaks og Langavatns er um 1,5 km langur. Þessi hluti veitunnar hefur verið kostnaðarsamur í viðhaldi vegna endurtekinnna lagfæringa, aðallega vegna þess að upphaflega var gert ráð fyrir mun minna innrennsli í veituna en síðar varð. Margar beygjur voru á farveginum og reyndi því meira á garðana þegar vatnsrennslið var aukið, var því veituleiðin gerð beinni um leið og höft voru rípuð og garðar styrktir.

Garðar þessir eru gerðir úr efni, sem hefur verið ýtt upp úr hraunlautum á staðnum. Lengd garðanna er um 700 m og hæð þeirra frá

1 til 4 m. Nú geta runnið 10-12 m³/s um þennan hluta veitunnar án þess að skemmdir verði á gördum.

Jarðvegsstífla við Langölduvatn

Stífla þessi er í farvegi eftir leysingavatn við austurenda Langöldu. Hún er um 3,5 m á hæð og um 20 m löng og er að mestu gerð úr mórenu úr Langöldu. Við stífluna myndaðist Langölduvatn, sem nú er að mestu fyllt af framburði veitunnar.

Aðalstífla í farvegi Helliskvíslar

Frá Langölduvatni að aðalstíflunni rann vatnið að mestu eftir náttúrulegum farvegi meðfram Langöldunni. Eins og áður segir er stífla þessi aðalmannvirki veitunnar, gerð m. a. úr moldarblandinni mórenu úr Langöldu og er um 10 m á hæð.

Sumarið 1970 kom í ljós, að gliðnun hafði átt sér stað eftir endilangri stíflunni. Myndast hafði sprunga, um 5 cm að sunnanverðu þar sem hún var breiðust. Fylltist sprungan smám saman vegna þess að laust efni hrundi niður í hana. Sennilega hefur verið um eitthvað sig að ræða í stíflunni vatnsmegin og kann sprungumyndunin að hafa orsakast af því. Flái stíflunnar var minni en gert hafði verið ráð fyrir í upphaflegri byggingaráætlun, eins og áður er getið.

Haustið 1973 var að beiðni Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen framkvæmd borrobörð og sett niður písómetrarör í sex holur (fimm í línu þvert á stíflu og ein til hliðar) í stífluna, sbr. mynd 5, í þeim tilgangi að kanna jarðvatnsstöðu í stíflunni. Jarðvatnshæðin var mæld nokkrum sinnum með sömu niðurstöðu. Í ljós kom óreglulegt jarðvatnsborð í stíflunni eins og myndin sýnir. Vorið eftir voru písarörin orðin full af leir og því ekki unnt að mæla jarðvatn frekar.

Yfirfallsgarður við enda Langavatns

Yfirfall þetta er gert úr vikurblöndnum sandi og hraungjalli, sem ýtt var upp í garð og hann síðan klæddur með plasti og keyrð á grjótvörn. Vatnsborð Langavatns hafði enn ekki náð yfirfallshæð, sem er 391,20 m y. s., þegar það miklar skemmdir urðu á því í flóðum 26. des. 1975, að þörf var á algerri endurbyggingu.

2.4 Rekstur veitunnar að vetri til

Æskilegast hefði verið að hafa innrennsli í Langavatn allt árið til að fá sem sambærilegastar aðstæður og verða við uppistöðulón væntanlegra virkjana, t.d. við Hrauneyjafoss og Sigöldu. Erfitt getur verið að meta hversu mikill hluti þeirrar þéttingar, sem mælast kann, er endurþétting á skemmdum, sem hafa orðið yfir veturinn á þunnu, óvörðu setlaginu.

Aðalástæðan fyrir því að veitan hefur ekki verið starfrækt yfir vetrartímann er sú, að Búrfellsvirkjun hefur ekki mátt missa vatn úr Tungnaá, og þegar ekki hefur verið lokað nógu snemma fyrir innrennslið hefur snjó skafið í veitufarveginn og hann fyllst af krap og snjó, sem síðan hefur lokað innrennslinu. Einnig eru allar mælingar erfiðar þegar snjór heftir færð um svæðið og ís og krap truflar mælingar.

3 INNRENNSLI

Þann hluta ársins, sem veitan var starfrækt á árunum 1966-1971, voru gerðar mælingar á innrennsli í veituna, að jafnaði ein á dag, og jafnframt mæld vatnshæð vissra smávatna. Með því að bera saman einstakar mælingar fékkst fram hvað þéttingin var hröð í efri hluta veitunnar. Með samanburði þessara mælinga og rennslis Tungnaár við vatnshæðarmæli 96 var gerður lykkill, sem notaður var við útreikninga á innrennsli inn í veituna og þannig fengið meðalrennsli sólarhringsins.

Nauðsynlegt var talið að hafa gleggri tölur um innrennsli inn í veituna svo hægt væri að fylgjast með því hversu hratt ársetið þétti lónbotninn og hvort stórir svelgir mynduðust eða sprungur opnuðust.

Vorið 1972 var því settur upp síritandi mælir á vatnsinnrennslið inn í veituna við útrennsli úr inntakslóni. Jafnframt var rennslismælt nokkrum sinnum við síritann og gerður rennslislykkill til útreikninga á innrennslinu. Með því fékkst nákvæmara yfirlit yfir innrennslið, sem gerði kleift að fylgjast betur með þéttingu lónbotns Langavatns með samanburði við vatnshæðarskráningu þar. Síritandi mælir var ekki settur upp þar fyrr en árið eftir. Staðsetning vatnshæðar- og rennslismælistöðva og sírita er sýnd á yfirlitskortu, mynd 3.

Hér á eftir er yfirlit yfir helstu atriði varðandi rennsli hvers árs, en nánari upplýsingar um innrennsli er að finna á töflu 1. Þar eru einnig upplýsingar um flatarmál Langavatns, vatnshæð, leka o.fl. fyrir þá daga, sem veitan hefur verið starfrækt. Einnig er gefin vatnshæð í borholum TH-9 og HR-2 og rennsli í Lindalæk.

1966

Að morgni 1. september 1966 var lokið við gerð farvegs úr Tungnaá að Langöldu og var vatni þá hleypt inn á veituna. Fyrst eftir að veitan var opnuð eða til 14. september var innrennslið 300-500 l/s og náði vatnið að renna að Langöldu 4. september.

Lokað var fyrir innrennslið 14. til 17. september meðan unnið var við að sprengja höft á veituleiðinni og lagfæra garða, en eftir það var veitan opin þar til í byrjun október, að lokað var fyrir innrennslið með lokuborðum.

Lítið vatn mun hafa runnið um veturinn.

1967

Veitan var opnuð 15. maí og var opin til 15. október eða alls í 153 daga. 14. júní var botn veitunnar orðinn þéttur frá inntaki að Langölduvatni. 1. júlí rann fyrst úr Langölduvatni í Álftavatn, en 26. júlí úr Álftavatni í Nýjavatn.

1968

Um vorið var veitan opnuð 15. júní og var innrennslið 1200-1600 l/s til byrjunar ágústmánaðar, en þá jókst rennslið inn í veituna í um 2000 l/s og hélst það til 17. september, að stórflóð kom í Tungnaá. Við flóðið urðu skemmdir á görðum veitunnar og svelgir opnuðust. Ekki var gert við þessar skemmdir þetta árið og því ekki hægt að segja neitt til um innrennslið eftir 17. september. Innrennslið stíflaðist 18. október við steypa yfirfallið vegna íss, og daginn eftir var lokað fyrir.

1969

Viðgerðir á skemmdum þeim, sem urðu á görðum, var lokið 23. maí og var þá hleypt vatni á veituna og runnu um 1700 til 2000 l/s um sumarið inn í veituna. Snemma var lokað fyrir þetta ár, þ.e. um miðjan september, vegna byggingar stíflunnar í Helliskvíslarfarveginum.

1970

Veitan var opnuð 24. maí. Henni var síðan lokað aftur 29. júní vegna viðgerðar á stíflugörðum. Síðan var opnað aftur 30. júní og haft opið til 5. október. Innrennslið þetta ár var frá 2,0 upp í 5,0 m³/s. Varnargarður við steyp yfirfall var rofinn þann 28. júlí og mælistaður lagður af vegna hins aukna innrennslis og nýr mælistaður tekinn upp um 100 m ofar, sbr. mynd 3. Þann 7. ágúst var gerður skurður fram hjá Nýjavatni.

1971

Eins og lýst er í kaflanum um sprunguhreyfingar opnaðist stór sprunga í botni Langavatns þetta vor. Eftir viðgerð á henni var veitan opnuð hinn 10. júní og rann inn um $1 \text{ m}^3/\text{s}$ til 17. júní, er loka varð aftur og endurbæta sprunguviðgerð. Enn á ný var veitan opnuð 26. júní og höfð opin til loka september. Á þeim tíma var innrennslið oftast $5-6 \text{ m}^3/\text{s}$. Síðan var lokað fyrir rennsli 11. október. Eftir það runnu þó inn um $100-500 \text{ l/s}$ til áramóta.

1972

Tímabilið janúar til mars runnu um $2 \text{ m}^3/\text{s}$ inn, en í apríl jókst innrennslið í um $4 \text{ m}^3/\text{s}$ og hélst þannig til 23. maí, en þá var veitunni lokað með hjálp jarðýtu til að hægt væri að gera við garða og ganga þannig frá brú að mögulegt væri að loka veitunni við hana með lokuborðum.

Þann 28. maí er vatni hleypt á að nýju og 4. júní var settur upp síríti við brúna neðan við inntakslón. Þar með var hætt að nota mælistað ofan Langavatns (O/L) til að ákvarða innrennslið en upp frá því stuðst við sírita við inntak. Í júnímánuði runnu $6-7 \text{ m}^3/\text{s}$ inn, en í júlí $8-11 \text{ m}^3/\text{s}$, og í ágúst mánuði $6-7 \text{ m}^3/\text{s}$. Í september mánuði runnu $6-7 \text{ m}^3/\text{s}$ inn, en í byrjun október var innrennslið $5,5-6 \text{ m}^3/\text{s}$. Þá er lokað fyrir innrennslið til þess að þetta sprungur og athuga botn Langavatns. Hinn 17. október var opnað aftur og runnu þá inn um $4,5-7 \text{ m}^3/\text{s}$ til 27. október, en þá er hleypt úr Þórisvatni og við það jókst innrennslið í $12-15 \text{ m}^3/\text{s}$ til næstu mánaðamóta. Þá kom töluvert frost, og var ekki hægt að starfrækja sírita eftir það. Vegna krupa og íss í veituvegi var ekki unnt að loka fyrir innrennsli.

1973

Fyrri hluta vetrar 1972-1973 runnu um $1-2 \text{ m}^3/\text{s}$ inn og var allt við það sama um miðjan janúar.

Þegar næst var komið að veitu í apríl höfðu nokkur lokuborð brotnað og runnu inn um $4 \text{ m}^3/\text{s}$, en af því vatni töpuðust $1,5 \text{ m}^3/\text{s}$ um skarð í stíflugarði og runnu því um $2,5 \text{ m}^3/\text{s}$ inn í Langavatn.

Hinn 16. maí var opnað fyrir innrennslið, eftir að gert hafði verið við skemmdir vetrarins. Auk þeirra skemmda er að ofan greinir urðu töluverðar skemmdir á görðum inntakslóns, auk þess voru garðar styrktir á nokkrum stöðum.

Tveim dögum síðar brást garður í efri hluta veitunnar, þegar klaki í honum þiðnaði og rann þar út um $1 \text{ m}^3/\text{s}$ þar til 24. maí er viðgerð hafði farið fram. Dagana frá 24. maí til 14. júní var innrennslið til jafnaðar $10 \text{ m}^3/\text{s}$. Frá 14. til 22. júní var alveg lokað fyrir rennslið meðan þétting fór fram á botni Langavatns.

Tímabilið 22. júní til 6. nóvember var óslitið rennsli inn í veituna, að jafnaði $8-10 \text{ m}^3/\text{s}$. Síriti var hafður við brú á sama stað og sumarið áður og stuðst við sama lykil til ákvörðunar á innrennsli. Þann 6. nóvember var fengin jarðýta til að loka fyrir innrennslið, þó þannig að enn runnu um $2 \text{ m}^3/\text{s}$ inn.

1974

Veturinn 1973-4 runnu um $2 \text{ m}^3/\text{s}$ að jafnaði inn í veituna. Þegar komið var að veitunni hinn 19. mars var innrennslið $1,3 \text{ m}^3/\text{s}$, en af því vatni runnu 300-400 l/s út um skarð við Langölduvatn. Hinn 10. maí var veitu alveg lokað meðan unnið var að þéttingu á botni Langavatns og lagfæringu á görðum. Þegar því var lokið 21. maí var vatni hleypt á. Rennsli var $7-10 \text{ m}^3/\text{s}$ til 1. október, er lokað var fyrir innrennslið með jarðýtu. Eftir það rann inn um $1 \text{ m}^3/\text{s}$.

1975

Veitan var opnuð hinn 29. maí með jarðýtu og rann stöðugt inn í veituna þar til 29. september að lokað var fyrir innrennslið. Meðalinnrennsli var um $6 \text{ m}^3/\text{s}$, sbr. töflur yfir innrennslið. Eftir lokun rann um $1 \text{ m}^3/\text{s}$ inn í veituna.

4 AURBURÐUR

4.1 Aurburður í innrennslisvatni

Eins og að framan greinir var tilgangur Langölduveitu upphaflega sá að kanna þéttingareiginleika jökulvatns á lekum hraunum frá eftirjökul-tíma. Því voru tekin aurburðarsýnishorn af því vatni, sem rennur inn í veituna til að kanna magn aurburðarins. Á töflu 2 er yfirlit yfir sýnishorn tekin í veituskurðinum nálægt inntaki veitunnar.

Aurburðurinn í sýnishornunum er mældur í mg/l og síðan reiknaður heildaraurburður hvers árs út frá meðaltali tekinna sýna og mældu innrennsli og sýnir tafla 3 niðurstöður þeirra útreikninga. Hún gefur einnig yfirlit yfir leka á flatarmálseiningu lónbotns, frá ári til árs. Sýnishornatakan náði aðeins til ársins 1972 en aurburðurinn fyrir árin þar á eftir var reiknaður út frá meðaltali fyrri ára, sbr. töflu 2.

4.2 Set á lónbotni

Könnuð var dreifing aurburðarins á lónbotninum. Þykkt setlagsins var mæld í nokkrum sniðum og síðan dregnar eftir því jafnþykktarlínur, sbr. mynd 6. Flatarmál hvers jafnþykktarsvæðis var síðan mælt og þær tölur sem fengust settar á blað með lin/log skala, með flatarmál svæðisins í m^2 á lárétta ásnum, en á lóðrétta ásnum þykkt setsins í cm. Í ljós kom að punktarnir, sem voru 8, röðuðu sér á nokkuð beina línu, sbr. mynd 7 (Dreifing aurburðar á botni Langavats), sem sýnir þetta á grundvelli mælinga frá því haustið 1972. Við útreikning á heildarseti á lónbotni var stuðst við þessar athuganir. Nánari upplýsingar um setmælingarnar er að finna í vinnuskýrslu frá apríl 1974 um svelgi, sprungur og töku botnsýna í Langölduveitu 1972 og 1973.

Samkvæmt mælingum á rúmþyngd (upphafleg rúmþyngd) setsins reyndist hún vera 1,23 og er gengið út frá þeirri tölu við útreikninga á heildarrúmmáli setsins á botni Langavats.

Við samanburð á rúmmáli þess aurburðar, sem sest hefur á lónbotninn, við heildaraurburðinn, er inn hefur borist, kemur í ljós að um 75 % hans fer niður um sprungur og svelgi með lekavatninu og það, sem sest til á botninn, leggst á lítinn flatarmálshluta, sbr. áðurnefnt setdreifingarkort á mynd 6 og línurit á mynd 7, sem byggir á því. Þetta hefur það í för með sér að jökulaurinn nýtist ekki sem skyldi til þéttingar á lónbotninum.

Við útreikninga heildarsets á botni Langavatns er gert ráð fyrir að botnskrið setjist til í smávötnum í farvegi veitunnar og allra efst í Langavatni, en þar minnkar straumhraði verulega. Botnskriðið er því ekki með í þessum útreikningum. Mælingar á botnskriði inn í veituna hafa heldur ekki farið fram.

Nokkur af sýnunum, sem tekin voru af setinu á lónbotninum haustið 1972, voru send Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins til prófunar á lekt. Bæði var um að ræða sýni af seti og sandi. Prófunin fór þannig fram að fyrst var sandurinn, sem var upphaflega til staðar á lónstæðinu prófaður og settur næstum óþjappaður í mótið. Síðan var leir úr sama þversniði settur ofan á í mótið og gerð prófun fyrir hvert lag. Leirinn var hrærður í þykkann velling áður en hann var settur í mótið og það látið standa í u.þ.b. 15 klst. áður en byrjað var á lektarprófun. Niðurstöður eru gefnar á töflu 4.

4.3 Dreifing aurburðar á lónbotn eftir kornastærð

Gerð var tilraun til að meta aurburðardreifingu í vatninu með tilliti til kornastærðar. Gengið var út frá prófílum eða sniðum þeim, sem áður voru nefndir í sambandi við setþykktarmælingar og dregin línurit, sem sýna prósentvísa dreifingu mismunandi kornastærðarhópa eftir dýpi, sbr. myndir 8 og 9. Staðsetning prófíllanna er sýnd á mynd 6. Þar sem stöðugar sveiflur eru á vatnsborðshæð dregur það úr eðlilegri dreifingu setsins.

Kornastærðarskiptingin var annars vegar miðuð við hina klassisku skiptingu í kornastærðir ($<0,02$; $0,02-0,2$; $>0,2$), og hins vegar mismunandi viðnám gegn vatnsrofi, eins og það er sýnt í hinu svokallaða Hjulströmsdiagrammi (Hjulström 1935), mynd 10. Skiptingin

miðar við að setja í sama hóp öll korn, sem hafa lítið viðnám, og að hópa kornin eftir stighækkandi viðnámi gegn vatnsrofinu.

Síðarnefnda skiptingin var notuð fyrir snið 4 (F-R), mynd 8. Í því sniði er athyglisvert að allra fínustu kornin ($<0,005$ mm) eru jafnt dreifð yfir allan botninn (10-20% af seti). Mélan (0,005-0,02 mm) er minnst næst flæðarmálinu en fer vaxandi út á ca 80 cm dýpi. Þar fyrir neðan er magnið stöðugt (um 50% af setinu). Næsta kornastærð (0,02-0,06 mm) er tiltölulega jafn dreifð á öllu sniðinu nema allra efst (25-30% af setinu). Sandurinn sest yfirleitt mjög fljótt og er því lítil þegar út í lónið kemur. Sandurinn er mestur næst fjöru- borinu í umræddum sniðum. Breytingar í kornadreifingu miðað við dýpi í þessum sniðum ná niður í u.þ.b. 80-100 cm dýpi, en eftir það virðast þær litlar. Þetta gæti verið mögulegt að tengja straumum í vatninu og mismunandi svörun ólíkra kornastærða við þeim. Þarna gæti einnig verið um að ræða mismunandi samloðun og pökkun, sem stafaði af undirþrýstingi, þar sem 5-15 m eru niður á jarðvatnsborð undir lóninu. Vatnið lekur eitthvað niður í gegnum botninn, þar til leðjan hefur þétt hann, en þá getur undirþrýstingur í rýminu milli botns og jarðvatnsborðs myndast.

Kornadreifingin er í aðalatriðum mjög lík í öllum bröttu sniðunum (4 A-C, 5 og 6) sbr. mynd 9. Kornadreifingin breytist yfirleitt mjög lítið með vaxandi dýpi og sandur er lítil í þeim öllum. Helsti munur, sem hægt er að sjá á þessum sniðum, er sá að í sniði 6, sem er í skjóli og skilið frá aðalflæði vatnsins gegnum lónið, er tiltölulega meira af fínu kornastærðunum (leir og méla) en í hinum sniðunum.

5 LEKI OG ÞÉTTING

Á veitusvæðinu er staða jarðvatnsborðs langt undir yfirborði (20-30m) og jarðvatnsfrárennsli greitt frá svæðinu, enda hækkar jarðvatnsstaðan lítið nema í næsta nágrenni veitunnar. Þannig ráða eiginleikar lónbotns að mestu um lekann úr lóninu.

Tafla 1 hefur að geyma yfirlit yfir innrennsli í veituna, vatnshæð Langavatns og rúmmálsbreytingar á vatni frá degi til dags o. fl. Út frá þessum gögnum var reiknuð út þétting Langavatns og leki um lónbotn og sýna myndir 11 (Samanburður á leka og vatnshæð Langavatns) og 12 (Leki úr Langavatni) helstu niðurstöður þeirra útreikninga.

Farvegur og smávötn á veituleið að Langavatni þéttust tiltölulega fljótt, aðallega vegna þess að farvegurinn er nokkuð þröngur. Sandur (botnskrið) hefur því náð að setjast í sprungur og aðrar greiðar lekaleiðir og mynda síu, sem setið hefur síðan átt auðveldara með að þétta.

Þétting botns Langavatns gerist með tvennu móti:

- a) Setþéttingu vegna myndunar setlags á lónbotninum.
- b) Þéttingu á sprungum og svelgjum með hjálp véla og tækja og aðfluttra efna eftir tæmingu lóns.

5.1 Setþétting

Til að fá hugmynd um hversu ört þessi þétting á sér stað verður að hafa upplýsingar um aurburðarmagn og botnskrið í því vatni, sem berst inn í veituna. Einnig verður að hafa vitneskju um það, hvernig aurburðurinn dreifist á botn veitunnar. Í kaflanum um aurburð hér að framan er gerð grein fyrir setdreifingunni og athugunum á lekt set-sýna, sem voru tekin á lónbotninum. Út frá þessum gögnum var áætlaður lekinn um lónbotninn.

Þegar reiknaður var út leki niður um lónbotn samkvæmt innrennsli og vatnshæð (sbr. töflur 1 og 3) til samanburðar við áætlaðan leka kom í ljós, að töluvert meira vatn hafði runnið niður en útreikningur á

lekt lónbotnsins gáfu til kynna. Gera má ráð fyrir að mismunurinn hafi farið niður um sprungur og svelgi.

Hér að framan hefur verið fjallað um þéttingu þá, sem verður á lónbotninum við það, að aur í jökulvatninu sest á hann og þéttir smám saman. Það vatnsmagn, sem lekur niður um sprungur og svelgi, ber að vísu með sér mikinn hluta þess aurburðar, sem inn berst og veldur því að þéttingaráhrif hans verða minni en ella.

Sá aurburður er berst niður um sprungur og svelgi gæti aftur á móti haft áhrif til þéttingar undir yfirborði og dregið úr streymi jarðvatns frá svæðinu og þannig minnkað lekann óbeint. Mjög erfitt er að mæla þessi þéttingaráhrif. Víðtækari athuganir þarf til að skera úr um slíkt.

5.2 Þétting á sprungum og svelgjum

Hér verður fjallað um þær aðgerðir, sem reyndar hafa verið við Langölduveitu til að draga úr leka um sprungur og svelgi og flýta fyrir þéttingu.

Svokallaðir svelgir eru aðallega í og umhverfis gjallhóla (t.d. gervígíga) og einnig myndast þeir oft í hraunjöðrum, þar sem hraun er oft sprungið. Vatnið, sem lekur niður, skolar með sér lausum efnum, er sest hafa í sprungur og göt.

Til að komast að svelgjum á lónbotninum verður að loka fyrir innrennslið og bíða þar til vatnsborðið hefur lækkað að því marki að svelgirnir komi í ljós. Þá er auðvelt að sjá hvar vatn hefur runnið niður. Mjög erfitt getur verið að finna svelgi eða geta sér til um hvar svelgir kunni að hafa opnast á svæði, sem ekki hefur verið mjög nýlega undir vatni sökum þess hve veðrun er fljót að má öll ummerki um leka, og verður því helst að hleypa vatni á viðkomandi svæði og loka síðan fyrir innrennslið aftur og skoða og finna lekaleiðir. Til að þetta svelgina hefur sá foksandur, sem er á Langöldusvæðinu, ekki reynst heppilegur einn sér því hann skolast niður með vatninu. Reynt var að láta mjög mikinn sand niður í einstaks velgi til prófunar án þess að veruleg þétting yrði.

Aftur á móti hefur náðst mjög góður árangur með því að nota "Sigöldumöl" eða mórenu úr Langöldu til þéttingar á svelgjum. Kostnaðarsamt er að aka með efni til þéttingar langar vegalengdir og reynst hefur erfitt að komast um lónbotninn með vörubíla og önnur farartæki eftir að setmyndun hefur átt sér stað.

Það sem í flestum tilfellum hefur reynst heppilegast við þéttingu á svelgjum, er að nota striga til að varna því að sandurinn eða annað efni, sem mokað er yfir svelgina, skolist niður í þá. Þetta var gert þannig, að fyrst er hraungrjót, sem gæti rifið strigann, hreinsað í burtu. Þegar jafnað hefur verið undir strigann og hann verið lagður yfir, er nærtækur sandur settur yfir strigann til að halda honum niðri.

Striginn myndar síu, sem stöðvar setið, þegar jökulvatnið hripar í gegn, og nær þá oftast að mynda sémilega þétt lag áður en hann hefur morknað. Ekki hefur reynst eins auðvelt að þétta þá svelgi, sem eru á grunnu vatni og utan í gjallhólunum, sem standa upp úr vatninu, því að þar nær öldgangurinn að skola til sandi, striga og öðru, sem notað er til þéttingar. Sveiflur á vatnsborði draga einnig úr árangri þeirrar þéttingar, sem náðst hefur.

Vorið 1974 var reynt að jafna úr nokkrum af gjallhólunum í vestur-enda Langavatns og klæða síðan yfir með striga og setja síðan mikið af sandi (50-70 cm þykkan) yfir. Árangur hefur ekki orðið mikill því sandinum virðist hafa skolað burt enda þótt svæðið hafi verið undir vatni um sumarið.

Þær sprungur, sem opnast hafa í botni Langavatns, hefur verið reynt að þétta á svipaðan hátt og svelgina. Sprungan, sem náði undir aðalstífluna, var erfið viðfangs. Bæði var hún á meira vatnsdýpi og mun stærri en aðrar sprungur á lónbotninum, og þegar hún opnaðist grófst nokkuð úr aðalstíflunni. Lokað var fyrir innrennslið í Langavatn og laust efni hreinsað frá sprungunni. Einnig voru grafnir burt um 30 m^3 af stoðfyllingunni til að komast betur að við þéttingu undir stíflunni. Síðan var blöndu af sementi og geli, samtals 26 m^3 , dælt niður í sprunguna. Eftir að sprungan hafði öll verið fyllt var plastdúkur (4 m breiddur og 0,2 mm að þykkt) breiddur yfir hana. Að því loknu var um 60 m^3 af sandi og mórenu ekið ofan á plastið, 30-40 cm þykkt lag. Í endurfyllingu stoðfyllingar fóru um 50 m^3 af mól og mórenu.

6 SPRUNGUHREYFINGAR

Þess eru dæmi, að nokkur jafnvægisröskun verði á spennuástandi jarðskorpunnar, þegar uppistöðulón eru fyllt. Einkum á þetta við, ef lónin eru djúp og víðáttumikil og/eða jarðskorpan er veik. Víst má telja, að sprunguhreyfingar og jarðskjálftar verði meðan jarðskorpan leitar nýs jafnvægis.

Þegar Langölduveita var upphaflega byggð var ekki gert ráð fyrir sérstökum rannsóknum á jarðskorpuhreyfingum. Vitað var um brotalínur á Langöldusvæðinu, en ekki var gert ráð fyrir þeim sem lekaleiðum sérstaklega. Raunin varð hins vegar önnur, því að fljótlega eftir að umfang veitunnar var aukið með tilkomu Langavatns beindust rannsóknir jafnframt að sprungum, sem í ljós komu á lónbotninum, svo og í auknum mæli að hegðun jarðvatns.

Í þessum kafla er gerð grein fyrir sprunguhreyfingum í botni Langavatns, en áður hefur Haukur Tómasson skrifað bréf til Landsvirkjunar um þetta efni, dags. 1971.09.05. og skýrslu "The Opening of Tectonic Fractures at Langalda Dam" til alþjóðanefndarinnar um stórar stíflur (ICOLD) dags. apríl 1975.

6.1 Fyrsta sprungumyndun á lónbotni

Jarðskorpuhreyfinga varð fyrst vart á Langölduveitusvæðinu vorið 1971. Veturinn 1970-71 hafði stöðugt verið nokkurt vatn í Langavatni, þar eð brúarlokan hafði skemmst, og í miklum leysingum 8. - 9. mars náði vatnið í lóninu hærra vatnsstöðu en áður. Meginhluti þessa vatns barst um Helliskvíslarfarveginn og aðra farvegi sunnan Langöldu, sem aðeins flytja vatn í leysingum.

Þann 17. apríl 1971 sáust vatnsmiklar uppsprettur í farveginum neðan Langöldustíflu. Fylgst var með vatnshæðinni og lindunum næstu daga og að fjórum dögum liðnum hafði lónið tæmst og lindirnar þar af leiðandi þornað. Þá fyrst var unnt að skoða lónbotninn. Í ljós kom sprunga eða gjá í botn lónsins. Náði hún undir stífluna og voru lindirnar neðan hennar á framhaldi sprungunnar neðan stíflu.

Þar eð yfirvofandi voru frekari flóð í Helliskvísl, sem gætu eyðilagt stífluna með því að grafa rauf í hana, var hafist handa við hreinsun á lónbotninum með það fyrir augum að loka sprungunni, en þá braust fram ný flóðalda í Helliskvísl og á tveimur klukkutímum hækkaði vatnsborðið um 4 m og lindarennslí neðan stíflu hófst að nýju. Rennslíð í þessu flóði náði u.þ.b. $20 \text{ m}^3/\text{sek}$ og talsvert en þó minnkandi rennsli hélst í 18 daga.

Á þessum tíma náði Langavatn aldrei hámarksstöðu. Brúarlokan við Tungnaá var endurbætt og eftir að Helliskvísl þornaði nam innrennslið aðeins nokkuð hundruð lítrum á sekúndu. Tæmdist lónið þá á 2-3 dögum. Vatn það, sem rann undir stífluna, gróf hana nokkuð að neðanverðu og myndaðist þar smárauf inn í hana. Með áframhaldandi rennsli hefði örugglega grafist í hana skarð. Við skoðun síðar, þ.e. 12. maí, var í fyrsta skipti unnt að athuga allan lónbotninn þar sem ís var þá að mestu bráðnaður. Nú kom í ljós greinilegt sprungukerfi, sem teygði sig um 1 km vegalengd eftir lónbotninum. Heildarstefnan var samhliða Langöldu en einstakar sprungur höfðu norðlægari stefnu. Mynd 13 er yfirlitsmynd af þessu sprungukerfi og þar er lýsing á einstökum sprungum.

Allt þetta sprungukerfi er í móbergi (bólstrabergi eða breksíu) og ofanálíggjandi jökulbergi. Nokkuð augljóst er að vatnið hefur átt þátt í því að leiða í ljós þessar sprungur. Við aukinn vatnsþrýsting eða hreyfingu hafa sprungufyllingar og laust efni ofan á sprungunum hreinsast ofan í þær.

Hver einstök sprunga virtist ná um 100 m lengd og algeng breidd var um 5-20 cm. Aðalsprungan var augljóslega gömul eða frá því fyrir ísaldarlok, en víða virtist nýleg hreyfing hafa orðið. Breiðasta sprungan var um 70 cm víð og þar var um 50 cm óhreyfð gömul fylling. Í jökulberginu féllu sprungufletirnir oft mjög vel saman, en misgengis- og víxlengishreyfingar um nokkra cm sáust víða. Það virtist tilviljun háð, hvort hreyfingar voru lóðréttar eða láréttar að svo miklu leyti, sem hægt var að greina slíkt. Sprungan undir stífluna var þéttuð með bentonitblöndu, en aðrar sprungur voru fylltar með sandi og mórenu, sem skolað var niður með vatni.

Þegar eftir að sprungukerfið uppgötvaðist var jarðeðlisfræðideild Veðurstofunnar, sem hefur umsjón með jarðskjálftamælingum á Íslandi, beðin að kanna jarðskjálfta á svæðinu. Engir skjálftar yfir 2 á Richter kvarða höfðu komið fram, en það var lágmarksskjálftavirkni, sem skjálftamælakerfi á þessum landshluta gat numið. Þar sem líkur voru á að minni skjálftar hefðu átt sér stað var færarlegri smáskjálftastöð komið fyrir við Langöldu í byrjun maí. Síðar var sett upp varanleg smáskjálftastöð í Langölduhryggnum.

Glerplötur voru einnig steiptar niður á tíu stöðum yfir sprungur til að fylgjast nánar með sprunguhreyfingum. Sumar plöturnar höfðu ekki nægilega góða festingu á sprungubrúnunum, en a. m. k. fimm þeirra voru settar niður á heillega, harða jökulbergsklöpp.

Meðan lónið var tómt fundust engar jarðskorpuhreyfingar, hvorki á jarðskjálftamælum né glerplötum.

Hinn 10. júní var aftur hleypt vatni á lónið. Allt gekk að óskum þangað til 19. júní, er vatnið hafði náð um 4 m dýpi, en þá varð vart við smáleka úr sprungunni neðan stíflunnar. Lónið var því tæmt á ný og tók það þrjá daga. Þá kom í ljós að hluti sprungunnar hafði opnast aftur. Glerplöturnar gáfu til kynna samþjöppun um a. m. k. 1 mm.

Fyllt var í sprungurnar á ný og er þeirri viðgerð lýst í kafla 5. Svo virðist sem viðgerðin hafi tekist vel, a. m. k. hefur ekki orðið vart við leka neðan stíflunnar um sprunguna síðar.

6.2 Síðari sprungur á lónbotninum

Nokkrar aðrar sprungur hafa opnast á botni Langavatns síðar. Sú stærsta þeirra, nr. 2 á mynd 14, sem er yfirlitskort yfir sprungur í lónbotninum, opnaðist í september 1972. Hún náði u. þ. b. 100 m upp á þurrt land. Skyndileg aukning á leka, sem sjá mátti á sambandi síritandi vatnshæðarmæla í lóninu og á innrennsli, gaf til kynna að sprungur eða stórir svelgir hefðu myndast.

Þessi sprungumyndun kom fram bæði í móberginu og hraununum. Sprungurnar í hraununum virtust vera nýjar, þar sem ekki var að sjá neinar sprungufyllingar þar, en í móberginu undir eru þær örugglega gamlar í flestum tilfellum. Sprungur merktar 3, 4 og 5 á myndinni fundust, þegar vatnsborð lónsins var lækkað til að gera við svelgi og sprungu 2 haustið 1972. Sumarið 1972 var sprunga nr. 1 að heita mátti þétt.

Í ágústmánuði 1975 opnaðist stór svelgur í austurenda Langavatns, sbr. sprungukortið, og runnu ofan í hann a. m. k. $5 \text{ m}^3/\text{sek}$ af vatni. Athugun leiddi í ljós, að hann, ásamt nokkrum öðrum allstórum svelgjum, mynduðu nokkurn veginn beina línu. Með því að framlengja þessa línu upp í móbergið mátti sjá á loftmyndum móta fyrir missigi. Við gröft með jarðýtu og vélgröfu í móbergsmel í framhaldi svelgjálíunnar til suðvesturs, þar sem þó engin ummerki um sprungu sáust á yfirborði, kom í ljós sprunga á um 1,5-2,0 m dýpi. Í annarri gryfjunni var hún 20-110 cm breið og manngeng niður á 15 m dýpi á um 40 m löngum kafla, en þar lokaðist hún af hruni. Hún er augljóslega hluti af löngu sprungukerfi. Hér var sett upp mælikerfi fyrir nákvæmnissprungumælingar og jarðvatnsmælingar. Staðsetning gryfjanna er einnig sýnd á mynd 14.

6.3 Mælingar á sprunguhreyfingum

Fylgst hefur verið með hegðun þeirra sprungna, sem komið hafa í ljós. Árið 1971 varð ekki vart frekari hreyfinga en áður er lýst. Vorið 1972 brotnuðu glerplöturnar, sem settar voru upp 1971, og sprungan kom í ljós 30 - 40 metrum lengra niður eftir farveginum neðan stíflunnar. Ekki varð vart neins leka þessu samfara. Í þessum hreyfingum gliðnaði sprungan um 3 mm. Glerplötur voru endurnýjaðar.

Árið 1974 voru hafnar mælingar á sprunguhreyfingum neðan aðalstíflu með "invar" stöng og mæliklukkan, en með því móti var mælinákvæmni mjög verulega aukin. Þær hreyfingar, sem urðu, voru einnig mun minni en árið áður, en sýndu þó sömu árstíðabundnu breytingu. Þetta ár varð skjálfta naumast vart. Skjálftamælir sýndi að um skriðhreyfingar (creep) var að ræða. Því miður var skjálftamælir ekki í gangi, þegar sprunga 2 opnaðist.

Árið 1975 var mælingum haldið áfram og mælistöðum fjölgað. Einnig var síritandi skriðriti settur upp, sbr. mynd 15, sem sýnir staðsetningu mælistöðva fyrir sprunguhreyfingar og afstöðu og stefnu einstakra mæilína. Mynd 16 sýnir aftur á móti niðurstöður mælinga á hverri mæilínu fyrir sig. Þar er einnig sýnd vatnshæð í borholum HR-2 og TH-9 til samanburðar.

6.4 Niðurstöður sprungurannsókna

Svæði það, sem hér um ræðir, er mjög nálægt aðalgosbelti landsins, um 20 km NA frá toppi Heklu og norðlægustu gígar Heklusprungunnar eru aðeins 1-2 km frá veitunni, sbr. mynd 17, sem sýnir afstöðu Langölduveitu til aðalgosvirknisvæðisins á suðurlandi og jarðfræðikort, mynd 2. Um 10 km suðaustur af vatninu er eitt virkasta gossvæði landsins. Þaðan hafa Tungnaár- og Þjórsárhraunin runnið.

Eins og fram kemur hér að ofan, liggja sumar sprungurnar bæði í hrauni og móbergi. Það gefur til kynna, að hreyfingar hafi orðið eftir að hraunið rann og verið nægilega öflugar til að það rifnaði, en síðan hafi laus sandur og jarðvegur fokið í sprungurnar og falið þær. Nokkuð augljóst er, að veituvatnið hefur átt þátt í því að leiða í ljós þetta fyrirbrigði. Við hreyfingu á sprungum hefur vatnið skolað niður í þær sprungufyllingum og lausu efni af bökkunum og hreinsað sprunguveggina niður, eins langt og séð verður.

Af framansögðu má því draga eftirfarandi ályktanir:

1. Samband virðist vera milli vatnshæðar og sprunguhreyfinga.
2. Sömu sprungur eru bæði í móbergi og í hrauni.
3. Töluverð hreyfing hefur orðið á þessum sprungum síðan hraunið TH₁, sem veitan er á, rann fyrir um 3.000 árum. Það stíflaði útrennsli Krókslóns og olli því, að vatnið þar braut sér leið gegnum Sigöldu í núverandi gljúfri og lónið tæmdist.
4. Tiltölulega þunnt yfirborðslag hylur opnar sprungur í móbergi. Reynslan frá Langöldu hefur sýnt, að slíkt yfirborðslag getur skolast burt.
5. Stöðugar hreyfingar, af stærðargráðunni 0,5-4,0 mm, hafa mælst í sprungunum, með síritum og öðrum sprungumælingum.

7 JARÐVATNSATHUGANIR, HITAMÆLINGAR OG LINDAATHUGANIR

